

53. Fundur Menningarmálanefndar Skaftárhrepps 24.september 2014.

Fundur settur kl:10:05 í Kirkjubæjarstofu.

Mætt voru: Sandra Brá Jóhannsdóttir, Ingólfur Hartvigsson, Eyrún Elvarsdóttir og Ólafía Jakobsdóttir.

Formaður setur fund.

Dagskrá:

Uppskeruhátíð Skaftárhrepps 2014

Ingólfur var búinn að heyra í Pétri Eggertz varðandi samstarf við Möguleikhúsið. Hann kemst því miður ekki en benti á Ólöfu Sverrisdóttur leikkonu. Ingólfur ætlar að heyra í henni og athuga hvort að hún sé til í að koma hingað vikuna fyrir uppskeruhátíðina og vera með leiklistaræfingar fyrir börnin í Kirkjubæjarskóla á Síðu og leikskólanum Kærabæ. Börnin kæmu svo í lok vikunnar í heimsókn á hjúkrunar-og dvalarheimilið Klausurhóla og væru með leiksýningu þar. Kanna hvort þau gætu jafnvel verið með atriði á opnun hátíðarinnar. Einnig þarf að athuga með Guðnasjóð sem var á sínum tíma eyrnamerkur uppskeruhátíðinni og sjá hvað eftir er af þeim pening, Ingólfi er falið að tala við sveitastjóra um það mál.

Þórunn var búin að vera í sambandi við Söndru og þau langar til að vera með formlega opnun á sláturhúsinu í Seglbúðum á Uppskeruhátíðinni. Söndru falið að heyra í þeim og athuga hvenær heppilegast væri að hafa þá opnun, hvaða dag og kl hvað. (laugardagur?)

Fótspor ætlar að vera með vígslun í kringum virkjunina á Geirlandi sem búið er verið að vinna í og gera upp. (sunnudagur)

Sandra var búin að heyra í Jóni Geir vegna smalahundasýningar, hann vill vera með sýningu en hann vissi ekki hvort að hann gæti verið heima á þessum tíma. Sigfús á Borgarfelli var einnig búin að vera í sambandi við Söndru en ekki alveg komið á hreint hvernig það verður hjá þeim, Ingólfur ætlar að heyra aftur í honum. Spurning hvort að hægt væri að vera með grillvagninn á Borgarfelli, búið er að fá hann leigðan. Ingólfur ætlar líka að heyra í Fanneyju Ólöfu vegna borðbúnaðar, meðlætis og fl. Einnig þarf að athuga með kaffi.

Ingólfur ætlar að heyra í Pétri vegna nýja björgunarhúsins.

Kirkjubæjarskóli á Síðu hefur undanfarin ár verið með dagskrá í skólanum á föstudeginum. Eyrúnu falið að heyra í skólustjóra, forstöðumanni íþróttahús og bókasafnsverði. Athuga hvað þessir aðilar hafa hugsað sér að vera með. Sandra ætlar t.d að heyra í Snorra landverði og athuga hvort að hann væri til í að kynna og lesa smá brot úr bókinni sinni á bókasafninu.

Kirkjukórarnir í Skaftárhrepp hafa áhuga á að taka þátt í setningarhátíðinni, sem yrði á fimmtudagskvöldinu frá kl: 20:00-22:00. Spurning hvort að hún ætti að vera í félagsheimilinu eða uppí Tunguseli. Hafa þarf samband við oddvita Skaftárhrepps Evu Harðardóttur og kanna hvort hún getur verður með setningarræðuna.

Skaftárstofa verður opin.

Sandra ætlar að heyra í ferðapjónustuaðilum á svæðinu með sameiginlegan kvöldverð sem yrði í félagsheimilinu. Hugmyndin er að þetta yrði svona létt stemning yfir borðhaldinu, hlaðborð, krakkahorn, skreytingar og kvöldverðartónlist.

Sandra tala við Guðmund Vigni og Auði á Systrakaffi og heyra hvað þau hafa hugsað sér að vera með opið.

Uppskeru-og þakkarmessa verður í Grafarkirkju.

Senda þarf út dreifibréf síðasta lagi 8. okt vegna uppskeruhátíðar og safnahelgar og minna á uppboðið í Tunguseli. Sandra og Ólafía útbúa dreifibréf. Þar verður einnig auglýst fuglahræðusamkeppnin sem að menningarmálanefnd ætlar að efna til í ár. Vegleg verðlaun verða í boði. Sandra ætlar að a.t.h með verðlaun. Þáttakendur þurfa að skrá sig til leiks og verðlaunaafhending verður á uppboðinu.

Ákveðið var að næsti fundur menningarmálanefndar vegna Uppskeruhátíðar verður fimmtudaginn 9. okt kl 10:00 í Kirkjubæjarstofu.